

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
101 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 9. nóvember 2018

Tilvísun: 2018101476ÞS/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga nr. 90/2018

Persónuvernd vísar til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 27. september 2018 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (þskj. 77, 77. mál á 149. löggjafarþingi). Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1.

Um 2. gr. frumvarpsins

Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 9. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga þannig að kveðið verði á um skyldu skattyfirvalda, Vinnumálastofnunar, Þjóðskrár Íslands, Fangelsismálastofnunar, sveitarfélaga, launagreiðenda og Lánasjóðs íslenskra námsmanna til að láta stofnuninni í té upplýsingar með rafrænum hætti, ef því verði við komið, að því marki sem þær séu nauðsynlegar til að unnt sé að framfylgja lögnum. Ætla verður að í ákveðnum tilvikum geti stofnuninni reynst nauðsynlegt að fá í hendur persónuupplýsingar um meðlagsgreiðendur frá þriðja aðila. Jafnframt telur Persónuvernd mikilvægt að lög afmarki skýrt frá hverjum slíkra upplýsinga megi afla, sem og að slík upplýsingaöflun fari ekki fram úr því sem nauðsyn krefur. Ekki verður talið sérstakt tilefni til efnislegra athugasemda við það ákvæði sem hér um ræðir, en áhersla er lögð á að umræddra sjónarmiða sé gætt, m.a. við upptalningu ákvæðisins á þeim aðilum sem felldir eru undir upplýsingaskyldu samkvæmt því.

2.

Um 4. gr. frumvarpsins

Í 4. gr. frumvarpsins er lögð til viðbót við 1. gr. laga nr. 54/1962 um þjóðskrá og

almannaskráningu, þ.e. ný málsgrein um heimild Þjóðskrár Íslands til að vinna með meðal annars upplýsingar um heilsufar sem hinn skráði leggur til í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd telur verða að ætla að einungis í mjög afmörkuðum tilvikum hafi upplýsingar um heilsuhagi vægi vegna starfa Þjóðskrár. Má telja að slíkt geti einkum átt við þegar um ræðir skráningu þeirrar stofnunar á konu, sem samþykkt hefur að fram fari tæknifrjógvun á eiginkonu sinni, sem foreldris barnsins á grundvelli 1. mgr. 6. barnalaga nr. 76/2003, en þar sem upplýsingar um tæknifrjógvunarmedferð geta, eftir atvikum, bent til undirliggjandi, heilsufarslegra vandamála teljast þær lúta að heilsuhögum. Er ljóst að öflun upplýsinga um tæknifrjógvunina er óhjákvæmileg í umræddu tilviki þar sem samþykki konu fyrir tæknifrjógvun á eiginkonu sinni er lögbundið skilyrði fyrrnefndrar skráningar, ólíkt því sem við á þegar eiginmaður samþykkir að fram tæknifrjógvun á eiginkonu sinni, sbr. 2. mgr. 6. gr. barnalaga, en um hann gildir 1. mgr. 2. gr. laganna, þess efnis meðal annars að eiginmaður móður barns teljist faðir þess sé það alið í hjúskap þeirra. Í samræmi við þetta getur Þjóðskrá verið nauðsynlegt að afla upplýsinga um að kona hafi samþykkt tæknifrjógvun á eiginkonu sinni og hefur verið um það fjallað í framkvæmd Persónuverndar, þ.e. í úrskurði, dags. 12. nóvember 2013 (mál nr. 2013/999). Að öðru leyti liggur hins vegar ekki fyrir í hvaða tilvikum Þjóðskrá væri nauðsynlegt að afla heilsufarsupplýsinga. Í samræmi við það leggur Persónuvernd til að orðið „heilsufar“ verði fellt brott úr umræddu frumvarpsákvæði en að fjallað verði um þau afmörkuðu tilvik, þar sem Þjóðskrá þarf á slíkum upplýsingum að halda, í sérlögum á því málefna sviði sem þar á reynir.

3.

Um 10. gr. frumvarpsins

Í 10. gr. frumvarpsins er lögð til viðbót við 8. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, þ.e. ný málsgrein um heimild Jöfnunarsjóðs til vinnslu persónuupplýsinga, þ. á m. viðkvæmra persónuupplýsinga um fatlanir og þroskaraskanir einstaklinga sem njóta þjónustu sveitarfélaga og um þarfir nemenda sem þurfa á sérfræðiaðstoð að halda í grunnskólum sveitarfélaga, sem og aðrar slíkar upplýsingar, í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Af athugasemdum við umrædda frumvarpsgrein í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að viðkvæmra persónuupplýsinga sé þörf vegna þess hlutverks Jöfnunarsjóðs að úthluta jöfnunarframlögum til sveitarfélaga vegna þjónustu þeirra við fólk með fötlun og vegna sérfræðiþjónustu við nemendur með sérþarfir í grunnskólum, en um það hlutverk sjóðsins er fjallað í 13. gr. og 13. gr. a í lögum nr. 4/1995. Kemur fram í 2. mgr. 13. gr. a í lögum að framlög vegna fatlaðra einstaklinga skulu reiknuð á grundvelli fjölda einstaklinga og þjónustubarfa þeirra í hverju einstökum sveitarfélagi og á hverju þjónustusvæði. Ekki er að finna sambærileg viðmið í lögum um útreikning framlaga vegna sérfræðiþjónustu við nemendur með sérþarfir, en ætla má að þar eigi sambærileg sjónarmið við og um fólk með fötlun. Í því sambandi bendir Persónuvernd á það grunnsjónarmið að vinnsla persónuupplýsinga fari ekki fram nema nauðsyn krefji. Ekki kemur fram í frumvarpinu hvers vegna ópersónugreinanlegar upplýsingar um tölfræði í tengslum við fötlun og nemendur með sérþarfir ættu ekki að nægja. Leggur Persónuvernd áherslu á að ekki séu samþykktar heimildir til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga nema nauðsynlegt sé og að hagsmunir af því að umrædd vinnsla fari fram verði vandlega metnir í aðdraganda setningar lagaheimildar fyrir henni. Þá bendir stofnunin á að þó svo að athugasemdir í frumvarpsgreinargerð geri aðeins ráð fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga um fatlaða einstaklinga og nemendur með sérþarfir gerir texti umrædds frumvarpsákvæðis ráð fyrir „öðrum slíkum upplýsingum“. Persónuvernd telur þar vera um að ræða svo óljósa tilgreiningu á hvaða viðkvæmu persónuupplýsingar vinna megi með að hún fullnægi ekki þeim kröfum sem gera verður til lagaheimildar til vinnslu slíkra upplýsinga, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs, sbr. b-lið 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr.

90/2018. Leggur Persónuvernd því til að orðin „sem og aðrar slíkar upplýsingar“ í frumvarpsákvæðinu falli brott.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við umrætt frumvarp eins og hér stendur á.

F.h. Persónuverndar,



Helga Þórisdóttir



Þórður Sveinsson